

Áframhaldandi innri vöxtur

Þriðji ársfjórðungur 2011

- | Heildarvelta var 35,9 milljarðar króna og jókst um 15% frá sama tíma í fyrra.
- | Þegar tekið er tillit til félaga sem fóru út úr samstæðunni um síðustu áramót er veltuaukningin 20%
- | EBITDA var 8,7 milljarður króna og lækkaði um 0,5 milljarða króna á milli ára. EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 8,9 milljarði króna.
- | EBITDA-hlutfall var 24.1% en var 29,4% á sama tímabili í fyrra.
- | Olíuverð var að meðaltali 46% hærra en á síðasta ári og bein kostnaðarhækkun vegna þessa metin um 2,2 milljarða króna.
- | Afskriftir voru 1,6 milljarðar króna.
- | EBITDAR-hlutfall var 29,6% en var 37,4% á sama tímabili í fyrra.
- | Fjármagnskostnaður var 0,5 milljarðar króna samanborið við 1,2 milljarð króna árið áður.
- | Hagnaður eftir skatta var 5,4 milljarðar króna en var 5,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Fyrstu 9 mánuðir 2011

- | Heildarvelta var 76,9 milljarðar króna og jókst um 11% á milli ára.
- | Þegar tekið er tillit til félaga sem fóru út úr samstæðunni um áramót er veltuaukningin 17%.
- | EBITDA var 10,5 milljarðar króna og EBITDA hlutfallið 13,7% en var 11,5 milljarðar króna og 16,6% árið á undan.
- | EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 10,3 milljarði króna.
- | EBITDAR-hlutfall var 20,9% en var 26,4% á sama tímabili í fyrra.
- | Fjármagnskostnaður var 1,1 milljarður króna samanborið við 3,0 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.
- | Handbært fé frá rekstri nam 13,2 milljörðum króna samanborið við 11,9 milljarða á fyrstu níu mánuðum árið áður.
- | Heildareignir námu 91,4 milljörðum í lok tímabilsins og eiginfjárlutfall var 36,4% í lok tímabilsins, en var 18,6% á sama tíma í fyrra.

| Highlights P/L statement (mlSK) | Q3 2011 | Q3 2010 | 9M 2011 | 9M 2010 |
|---------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Operating Income | 35,868 | 31,082 | 76,914 | 69,250 |
| EBITDA | 8,653 | 9,135 | 10,542 | 11,462 |
| EBITDA ratio | 24.1% | 29.4% | 13.7% | 16.6% |
| EBIT | 7,084 | 7,545 | 6,272 | 7,225 |
| EBT | 6,634 | 6,384 | 5,228 | 4,341 |
| Profit for the period | 5,364 | 5,197 | 4,652 | 3,151 |
| EBITDAR | 10,610 | 11,634 | 16,082 | 18,263 |
| EBITDAR ratio | 29.6% | 37.4% | 20.9% | 26.4% |

| Highlights Balance Sheet (mlSK) | 30.09.2011 | 31.12.2010 |
|---------------------------------|------------|------------|
| Total Assets | 91,380 | 84,239 |
| Equity ratio | 36.4% | 33.7% |
| Interest bearing debt | 19,846 | 25,121 |
| Net interest bearing debt | 6,259 | 12,127 |
| Cash and marketable securities | 13,361 | 12,994 |
| Current ratio | 1.0 | 1.2 |

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri:

„Sterkur innri vöxtur hélt áfram á þriðja ársfjórðungi. Framboð félagsins í millilandaflugi jókst um 20% og farþegaaukning á milli ára á sama tímabili var 17%. Áframhaldandi vöxtur er áætlaður á árinu 2012 þegar flugáætlun Icelandair mun verða sú stærsta í sögu félagsins og um 14% umfangsmeiri en á þessu ári. Nýr heilsársáfangastaður, Denver í Colorado, bætist við ásamt því að ferðum er fjölgað á aðra áfangastaði félagsins.

EBITDA félagsins á þriðja ársfjórðungi nam 8,7 milljörðum króna. EBITDA af sambærilegum rekstri á þriðja ársfjórðungi ársins 2010 nam 8,9 milljörðum. Eldsneytisverð á fjórðungnum var um 46% hærra að meðaltali en á sama tímabili 2010. Við erum því mjög sátt við rekstrarniðurstöðuna og þrátt fyrir blíkur á lofti í efnahagsmálum heimsins þá eru rekstrarhorfur Icelandair Group jákvæðar.

Eins og kunnugt er hefur gengi evru og dollars og eldsneytisverð veruleg áhrif á afkomu samstæðunnar. Miklar sveiflur hafa einkennt erlenda fjármálamarkaði að undanfögnu sem gerir allar spár óvissari. Vegna hærra eldsneytisverðs og aukinnar framleiðslu þá gerum við ráð fyrir að afkoma á fjórða ársfjórðungi 2011 verði mun lakari en á árinu 2010 þegar EBITDA samstæðunnar nam um 1,1 milljarði króna. Uppfærð rekstrarspá fjórðungsins gerir ráð fyrir að EBITDA á síðasta ársfjórðungi verði óveruleg eða jafnvel neikvæð um allt að 0,5 milljarða króna og að EBITDA ársins í heild verði því 10,0 – 10,5 milljarðar króna.“

Lykiltölur úr rekstri á þriðja ársfjórðungi 2011

EBITDA nam 8,7 milljörðum króna og lækkaði um 0,5 milljarða króna á milli ára. EBITDA-hlutfall nam 24,1% á þriðja ársfjórðungi en var 29,4% á sama tímabili 2010. EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 8,9 milljarði króna.

EBIT var 7,1 milljarður króna en var 7,5 milljarðar króna á sama tímabili árið á undan. Hagnaður eftir skatta var 5,4 milljarðar króna, en var 5,2 milljarðar króna á sama tímabili árið 2010.

EBITDAR var 10,6 milljarðar króna samanborið við 11,6 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2010.

EBITDAR-hlutfall var 29,6% en var 37,4% á sama tímabili í fyrra.

| Income Statement (mlSK) | Q3 2011 | Q3 2010 | % Chg. |
|--|---------------|---------------|------------|
| Transport revenue | 25,158 | 21,065 | 19% |
| Aircraft and aircrew lease | 4,157 | 5,275 | -21% |
| Other operating revenue | 6,553 | 4,742 | 38% |
| Operating Income | 35,868 | 31,082 | 15% |
| Salaries and related expenses | 5,943 | 5,232 | 14% |
| Aircraft fuel | 7,757 | 4,990 | 55% |
| Aircraft and aircrew lease | 2,901 | 3,429 | -15% |
| Aircraft handling, landing and communication | 2,598 | 2,215 | 17% |
| Aircraft maintenance expenses | 2,060 | 1,751 | 18% |
| Other operating expenses | 5,956 | 4,330 | 38% |
| EBITDA | 8,653 | 9,135 | - |
| EBITDA ratio | 24.1% | 29.4% | - |
| EBIT | 7,084 | 7,545 | - |
| EBT | 6,634 | 6,384 | - |
| Profit for the period | 5,364 | 5,197 | - |
| EBITDAR | 10,610 | 11,634 | - |
| EBITDAR ratio | 29.6% | 37.4% | - |

Heildartekjur námu 35,9 milljörðum króna miðað við 31,1 milljarð króna á sama tímabili í fyrra sem er 15% aukning á milli ára. Þegar tekið er tillit til félaga sem fóru úr samstæðunni í árslok 2010 nemur veltuaukning á milli ára 20%.

Flutningatekjur jukust um 4,1 milljarða króna eða um 19%, þar af jukust tekjur af farþegaflutningum um 22%.

Tekjur af leiguflugi drógust saman um 1,1 milljarð króna. Velta Bláfugls var inni í fjárhæðum ársins 2010, en ekki 2011.

Aðrar tekjur hækkuðu um 1,8 milljarða króna eða um 38% frá þriðja ársfjórðungi 2010. Skýrist það af aukningu tekna hjá Flugleiðahótelum og Iceland Travel, en tekjur þessara félaga drógust saman á síðasta ári vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkaði um 0,7 milljarða króna eða 14% í samanburði við þriðja ársfjórðung 2010. Skýrist það fyrst og fremst af auknu framboði í millilandaflugi félagsins ásamt launahækkunum á milli ára. Gengið hefur verið frá samningum við allar flugstéttir hjá Icelandair en enn er ósamið við flugfreyjur hjá Flugfélagi Íslands.

Eldsneytiskostnaður hækkaði um 2,8 milljarða króna sem er 55% hækkun frá sama tíma í fyrra. Meðalverð á heimsmarkaði á þriðja ársfjórðungi 2010 var USD 699 á tonn en meðalverð á þriðja ársfjórðungi 2011 var USD 1.021 á tonn, sem jafngildir 46% hækkun. Bein kostnaðarhækkun vegna þessa á fjórðungnum er um 2,2 milljarðar króna. Hækkun eldsneytiskostnaðar vegna framleiðsluaukningar er um 1,0 milljarður króna.

Í töflunni hér að neðan kemur fram staða eldsneytisvarna félagsins í lok september. Taflan sýnir að 27% af áætlaðri notkun á fjórða ársfjórðungi hefur verið varin með skiptasamningum.

| 2011 | Estimated usage (tons) | Hedge contracts | Average price USD | % hedged |
|--------------|------------------------|-----------------|-------------------|------------|
| October | 14,267 | 5,250 | 1,046 | 37% |
| November | 11,221 | 3,200 | 1,015 | 29% |
| December | 10,701 | 1,200 | 1,025 | 11% |
| Total | 36,189 | 9,650 | 1,033 | 27% |

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði um 0,5 milljarð króna á milli ársfjórðunga eða um 15%. Í mars keypti Icelandair eina flugvél af gerðinni Boeing 757-200 sem félagið hafði áður verið með á leigu og lækka leigugjöld vegna þess. Jafnframt lækka flugvéla-leigugjöld vegna þess að Bláfugl er ekki lengur hluti af samstæðunni.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 0,4 milljarða króna á milli ára eða um 17%. Framboðsáukning á milli ára ásamt töluverðum verðhækkunum skýra hækkunina.

Viðhaldskostnaður nam alls 2,1 milljarði króna og jókst um 0,3 milljarða króna.

Fjármagnsliðir á þriðja ársfjórðungi 2011

Nettó fjármagnsgjöld voru 0,5 milljarður króna á þriðja ársfjórðungi 2011 en voru 1,2 milljarður króna á sama tímabili í fyrra. **Fjármagnstekjur** voru 0,2 milljarðar króna og jukust um 0,1 milljarða króna á milli ára. **Fjármagnsgjöld** lækkuðu um 0,6 milljarða á milli ára og námu 0,6 milljörðum.

| Net Finance Cost (mISK) | Q3 2011 | Q3 2010 | Chg. |
|-------------------------|-------------|---------------|------------|
| Interest income | 181 | 40 | 141 |
| Interest expenses | -248 | -766 | 518 |
| Currency effect | -387 | -445 | 58 |
| Net finance cost | -454 | -1,171 | 717 |

Fyrstu níu mánuðir ársins 2011

EBITDA var 10,5 milljarðar króna en var 11,5 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra. **EBITDA-hlutfall** var 13,7% en var 16,6% á sama tímabili í fyrra. EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 10,3 milljörðum króna.

EBIT var 6,3 milljarðar króna en var 7,2 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra. Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 4,7 milljörðum króna, en var 3,2 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

EBITDAR var 16,1 milljarður króna samanborið við 18,3 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum 2010.

EBITDAR-hlutfall nam 20,9% en 26,4% árið 2010.

| Income Statement (mISK) | 9M 2011 | 9M 2010 | % Chg. |
|--|---------------|---------------|------------|
| Transport revenue | 49,829 | 43,081 | 16% |
| Aircraft and aircrew lease | 12,680 | 14,994 | -15% |
| Other | 14,405 | 11,175 | 29% |
| Operating Income | 76,914 | 69,250 | 11% |
| Salaries and related expenses | 16,803 | 15,073 | 11% |
| Aircraft fuel | 17,200 | 11,634 | 48% |
| Aircraft and aircrew lease | 7,994 | 9,370 | -15% |
| Aircraft handling, landing and communication | 5,712 | 4,998 | 14% |
| Aircraft maintenance expenses | 5,393 | 5,151 | 5% |
| Other operating expenses | 13,270 | 11,562 | 15% |
| EBITDA | 10,542 | 11,462 | - |
| EBITDA ratio | 13.7% | 16.6% | - |
| EBIT | 6,272 | 7,225 | - |
| EBT | 5,228 | 4,341 | - |
| Profit from continuing operations | 4,652 | 3,551 | - |
| Loss from discontinuing operations | 0 | -400 | - |
| Profit for the period | 4,652 | 3,151 | - |
| EBITDAR | 16,082 | 18,263 | - |
| EBITDAR ratio | 20.9% | 26.4% | - |

Efnahagsreikningur

| Balance sheet (mISK) | 30.09.2011 | 31.12.2010 | Chg. |
|---|---------------|---------------|----------------|
| Assets: | | | |
| Operating Assets | 31,271 | 27,594 | 3,677 |
| Intangible assets | 21,390 | 21,212 | 178 |
| Long-term cost | 732 | 918 | -186 |
| Long-term receivables and deposits | 1,798 | 1,424 | 374 |
| Other non-current assets | 173 | 178 | -5 |
| Total non-current assets | 55,364 | 51,326 | 4,038 |
| Assets classified as held for sale | 2,771 | 2,815 | -44 |
| Other current-assets | 19,884 | 17,104 | 2,780 |
| Marketable securities | 3,240 | 1,306 | 1,934 |
| Cash and cash equivalents | 10,121 | 11,688 | -1,567 |
| Total current assets | 36,016 | 32,913 | 3,103 |
| Total assets | 91,380 | 84,239 | 7,141 |
| Equity and liabilities: | | | |
| Stockholders equity | 33,277 | 28,403 | 4,874 |
| Loans and borrowings non-current | 16,102 | 21,356 | -5,254 |
| Other non-current liabilities | 6,101 | 6,012 | 89 |
| Total non-current liabilities | 22,203 | 27,368 | -5,165 |
| Loans and borrowings current | 3,416 | 3,248 | 168 |
| Trade and other payables | 19,877 | 14,048 | 5,829 |
| Deferred income | 10,776 | 8,807 | 1,969 |
| Liabilities classified as held for sale | 1,831 | 2,365 | -534 |
| Total current liabilities | 35,900 | 28,468 | 7,432 |
| Total equity and liabilities | 91,380 | 84,239 | 7,141 |
| Equity ratio | 36.4% | 33.7% | 2.7 ppt |
| Current ratio | 1.00 | 1.16 | -0.15 |
| Net interest bearing debt | 6,259 | 12,127 | -5,868 |
| Interest bearing debt | 19,846 | 25,121 | -5,275 |

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á fyrstu níu mánuðum ársins námu 7,4 milljörðum króna. Icelandair fjárfesti í tveimur B757-200 flugvélum fyrir 3,0 milljarða króna, Flugfélag Íslands í tveimur Dash 8-200 flugvélum fyrir 0,6 milljarða króna og Icelandair Group í einni Airbus 320 að fjárhæð 0,2 milljörðum króna. Fjárfesting í hreyflatímum nam 1,4 milljörðum króna á tímabilinu.

Vaxtaberandi skuldir námu 19,8 milljörðum króna samanborið við 25,1 milljarða króna í ársbyrjun. Á fyrstu 9 mánuðum ársins hefur félagið greitt niður langtímaskuldir að fjárhæð 7,3 milljörðum króna. Þar af voru 4,1 milljarðar sem ekki voru komnir á gjalddaga. Í október undirritaði félagið lánasamninga við Deutsche Bank að fjárhæð 18 milljónir USD til 7 ára.

Sjóðsstreymi

| Statement of Cash Flow (mISK) | 9M 2011 | 9M 2010 |
|---|---------------|--------------|
| Working capital from operations | 11,828 | 11,281 |
| Net cash from operating activities | 13,193 | 11,942 |
| Net cash used in investing activities | -10,109 | -2,763 |
| Net cash used in financing activities | -4,685 | -3,430 |
| Increase in cash and cash equivalents | -1,601 | 5,749 |
| Effect of exchange rate fluctuations on cash held | 34 | -276 |
| Cash and cash equivalents at 1 January | 11,688 | 1,909 |
| Cash and cash equivalents at 30 September | 10,121 | 7,382 |

Veltufé frá rekstri var 11,8 milljarðar króna samanborið við 11,3 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.

Handbært fé frá rekstri var 13,2 milljarðar króna en var 11,9 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

Lykiltölur úr rekstri eftir ársfjórðungum

| Income Statement (mISK) | Q3 2011 | Q2 2011 | Q1 2011 | Q4 2010 | Q3 2010 | Q2 2010 | Q1 2010 |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Transport revenue | 25,158 | 16,047 | 8,624 | 10,863 | 21,065 | 13,314 | 8,702 |
| Aircraft and aircrew lease | 4,157 | 4,615 | 3,908 | 4,978 | 5,275 | 4,875 | 4,844 |
| Other | 6,553 | 4,367 | 3,485 | 2,924 | 4,742 | 3,696 | 2,737 |
| Operating Income | 35,868 | 25,029 | 16,017 | 18,765 | 31,082 | 21,885 | 16,283 |
| Salaries and related expenses | 5,943 | 6,143 | 4,717 | 5,342 | 5,232 | 5,337 | 4,503 |
| Aircraft fuel | 7,757 | 5,939 | 3,504 | 3,293 | 4,990 | 3,973 | 2,671 |
| Aircraft and aircrew lease | 2,901 | 2,865 | 2,228 | 2,496 | 3,429 | 3,091 | 2,850 |
| Aircraft handling, landing and communication | 2,598 | 1,949 | 1,165 | 1,105 | 2,215 | 1,649 | 1,134 |
| Aircraft maintenance expenses | 2,060 | 1,848 | 1,485 | 1,324 | 1,751 | 1,836 | 1,564 |
| Other operating expenses | 5,956 | 4,198 | 3,116 | 4,089 | 4,330 | 3,850 | 3,382 |
| EBITDA | 8,653 | 2,087 | -198 | 1,116 | 9,135 | 2,149 | 178 |
| EBIT | 7,084 | 623 | -1,435 | -971 | 7,545 | 843 | -1,163 |
| Gain on disposals in relation to financial restructuring | 0 | 0 | 0 | 4,245 | 0 | 0 | 0 |
| EBT from continuing operations | 6,634 | 452 | -1,858 | 2,235 | 6,384 | -207 | -1,836 |
| Profit (loss) from continuing operations | 5,364 | 409 | -1,121 | 1,567 | 5,197 | -161 | -1,485 |
| Loss from discontinuing operations | 0 | 0 | 0 | -162 | 0 | 0 | -400 |
| Profit (loss) for the period | 5,364 | 409 | -1,121 | 1,405 | 5,197 | -161 | -1,885 |

Flutningatölur

| ICELANDAIR | Q3 11 | Q3 10 | CHG (%) | Jan-Sep 11 | Jan-Sep 10 | Chg (%) |
|--------------------------------------|-----------|-----------|------------|------------|------------|------------|
| Number of Passengers (PAX) | 671,451 | 573,822 | ↑ 17% | 1,393,620 | 1,167,382 | ↑ 19% |
| Load Factor (%) | 83.4% | 85.1% | ↓ -1.7 ppt | 79.6% | 78.6% | ↑ 1.0 ppt |
| Available Seat Kilometers (ASK'000) | 2,265,156 | 1,884,546 | ↑ 20% | 4,892,249 | 4,084,270 | ↑ 20% |
| AIR ICELAND | Q3 11 | Q3 10 | CHG (%) | Jan-Sep 11 | Jan-Sep 10 | Chg (%) |
| Number of Passengers (PAX) | 106,031 | 103,726 | ↑ 2% | 271,918 | 261,215 | ↑ 4% |
| Load Factor (%) | 72.1% | 69.1% | ↑ 3.0 ppt | 69.8% | 68.3% | ↑ 1.6 ppt |
| Available Seat Kilometers (ASK'000) | 60,041 | 58,295 | ↑ 3% | 141,492 | 129,921 | ↑ 9% |
| CAPACITY | Q3 11 | Q3 10 | CHG (%) | Jan-Sep 11 | Jan-Sep 10 | Chg (%) |
| Fleet Utilization (%) | 87.3% | 94.5% | ↓ -7.1 ppt | 92.3% | 93.2% | ↓ -0.9 ppt |
| Sold Block Hours | 8,881 | 9,688 | ↓ -8% | 26,603 | 25,750 | ↑ 3% |
| ICELANDAIR CARGO | Q3 11 | Q3 10 | CHG (%) | Jan-Sep 11 | Jan-Sep 10 | Chg (%) |
| Available Tonne Kilometers (ATK'000) | 53,607 | 45,074 | ↑ 19% | 130,266 | 117,784 | ↑ 11% |
| Freight Tonne Kilometers (FTK'000) | 18,888 | 17,368 | ↑ 9% | 55,691 | 54,784 | ↑ 2% |
| ICELANDAIR HOTELS | Q3 11 | Q3 10 | CHG (%) | Jan-Sep 11 | Jan-Sep 10 | Chg (%) |
| Available Hotel Room Nights | 87,707 | 80,349 | ↑ 9% | 198,852 | 188,014 | ↑ 6% |
| Sold Hotel Room Nights | 73,004 | 64,713 | ↑ 13% | 142,448 | 131,627 | ↑ 8% |
| Utilization of Hotel Rooms | 83.2% | 80.5% | ↑ 2.7 ppt | 71.6% | 70.0% | ↑ 1.6 ppt |

Umsvif Icelandair Group jukust töluvert á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Farþegar Icelandair á þriðja ársfjórðungi voru 671 þúsund eða 17% fleiri en á síðasta ári. Sætanyting var 83,4% og lækkað lítillega á milli ára. Flugfélag Íslands flutti 106 þúsund farþega og fjölgaði þeim um 2%. Þyngst vegur aukning til Akureyrar og Egilsstaða. Seldum blokk tímum fækkaði um átta af hundraði á fjórðungnum miðað við sama tíma á síðasta ári. Skýrist það af viðhaldsvinnu á flugvélum og færri verkefnum. Fraktflutningar jukust um 9%. Nýting á hótélunum nam 83,2% og jókst um 2,7 prósentupunkta á milli ára. Endurnýjað Icelandair Hotel Reykjavík Natura hefur fengið góðar viðtökur og septembermánuður var metmánuður í sögu hótelsins.

Á fyrstu níu mánuðum ársins var framboð Icelandair aukið um 20% frá fyrra ári. Farþegar voru tæplega 1,4 milljónir og fjölgaði þeim um 19% á milli ára. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum en hún var hlutfallslega mest, eða um 20%, á markaðnum frá Íslandi. Aukning yfir Norður-Atlantshaf nam 18%, en sá markaður er stærsti markaður félagsins. Aukning á ferðamannamarkaðnum til Íslands var 15%.

Horfur í rekstri Icelandair Group hf.

Vegna mun hærra eldsneytisverðs og meiri framleiðslu þá verður afkoman á 4. ársfjórðungi 2011 nokkuð lægri en á árið 2010, þegar EBITDA nam rúmum milljarði króna. Vegna mikilla sveiflna í gengi erlendra gjaldmiðla og eldsneytisverðs, er erfitt að spá fyrir um endanlega afkomu ársins. Samkvæmt nýjustu rekstrarforsendum samstæðunnar er gert ráð fyrir að EBITDA á fjórða ársfjórðungi verði óveruleg eða neikvæð um allt að hálfan milljarð króna og EBITDA ársins verði á bilinu 10-10,5 milljarðar krónar.

Stefnt er að áframhaldandi innri vexti félagsins á næsta ári. Icelandair, stærsta dótturfélag samstæðunnar, tilkynnti í september síðastliðnum flugáætlun fyrir árið 2012. Hún verður sú umfangsmesta í sögu félagsins en framboð félagsins mun aukast um 14% í samanburði við árið 2011. Nýr heilsársáfangastaður, Denver í Colorado, bætist við ásamt því að ferðum er fjölgað til ýmissa borga í Bandaríkjunum og Evrópu. Gert er ráð fyrir að farþegar félagsins verði um tvær milljónir á árinu 2012, en samkvæmt áætlunum verða þeir 1,7 milljónir á árinu 2011. Vöxturinn á næsta ári er hlutfallslega meiri að vetri en yfir sumartímann. Að sama skapi verður vetraráætlun félagsins fyrir árin 2012-2013 umfangsmeiri en sumaráætlun Icelandair var fyrir tveimur árum.

Vegna mikillar samvinnu Icelandair við önnur dótturfélög Icelandair Group þá mun vöxtur hjá Icelandair jafnframt skila sér í veltuaukningu hjá öðrum dótturfélögum samstæðunnar. Þannig skapar vöxturinn meiri tíðni fyrir viðskiptavinum Icelandair Cargo og aukið umfang á Keflavíkurflugvelli mun skila

sér í meiri veltu hjá Icelandair Ground Services. Vöxturinn skapar einnig aukin tækifæri fyrir önnur félög innan samstæðunnar. Stækkun leiðarkerfis Icelandair er í takt við þá stefnu sem mörkuð var hjá Icelandair Group að byggja vöxt samstæðunnar innan frá.

Í október var hleypt af stokkunum nýju og öflugu markaðssamstarfi í ferðaþjónustu á Íslandi sem hefur það að markmiði að efla vetrarferðamennsku og jafna árstíðarsveiflu í íslenskri ferðaþjónustu. Átakið kallast „Ísland – allt árið“ og er leitt af íslenska iðnaðarráðuneytinu og lykilfyrirtækjum í greininni á Íslandi og mun standa yfir næstu þrjú árin. Þetta átak mun án efa hafa jákvæð áhrif á rekstur þeirra félaga innan samstæðunnar sem eru með starfsemi í ferðaþjónustunni á Íslandi og skapa tækifæri fyrir þau til frekari vaxtar.

Almennar horfur á mörkuðum

Fjárhagsleg afkoma flugfélaga er nátengt stöðu efnahagsmála í heiminum. IATA alþjóðlega flugmálastofnunin gerir ráð fyrir í nýjstu spá sinni að flugumferð muni ekki vaxa eins mikið á næsta ári og hún hefur gert á árinu 2011. Í Norður-Ameríku er gert ráð fyrir 1,2% aukningu, en gert er ráð fyrir að vöxturinn verði 3,6% í ár. Í Evrópu er gert ráð fyrir að aukningin verði 4,5%, en hún er áætluð 8,5% fyrir árið í ár.

Í skýrslu frá sömu stofnum kemur fram að flugfélög gera ekki ráð fyrir minnkandi eftirspurn í farþegaflutningum á næsta ári, en aftur á móti gera þau ráð fyrir að fraktflutningar muni dragast saman. Áframhaldandi hátt eldsneytisverð, hækkandi einingakostnaður, m.a. vegna nýrra kolefnisskatta ásamt þrýstingi á meðalfargjöld munu verða áskoranir sem flugfélög þurfa að takast á við. Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu í greininni árið 2012 þrátt fyrir að fyrrgreindir þættir munu óhjákvæmilega leiða til lækkunar á arðsemi.

Þróun hlutabréfaverðs og stærstu hluthafar

Markaðsvirði Icelandair Group í Nasdaq OMX kauphöllinni á Íslandi var í lok september 2011 28,5 milljarðar króna. Lokaverð septembermánaðar var 5,7 krónur á hvern hlut. Á fyrstu níu mánuðum ársins var hæsta dagslokaverð 5,7 krónur á hvern hlut, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 3,1 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 4,7 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefina bréfa 30. september 2011 var 5.000.000.000 og fjöldi útistandandi bréfa á sama tíma var 4.975.000.000. Hlutabréfaverð félagsins fyrstu níu mánuði ársins hækkaði um 81%. Fjöldi hluthafa í lok september var 1.223. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir stærstu hluthafana í lok október:

| Name | No. Shares | % |
|--------------------------------|---------------|--------|
| Framtakssjóður Íslands | 1,450,539,559 | 29.01 |
| Íslandsbanki hf | 1,029,603,498 | 20.59 |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 603,633,186 | 12.07 |
| Lífeyrissjóður Bankastræti 7 | 300,000,000 | 6.00 |
| Glitnir banki hf | 182,205,000 | 3.64 |
| Stefnir - ÍS 5 | 131,433,452 | 2.63 |
| Stefnir - ÍS 15 | 127,591,085 | 2.55 |
| Úrvalsbréf Landsbankans | 101,772,258 | 2.04 |
| SPB hf | 93,572,562 | 1.87 |
| Stafir lífeyrissjóður | 90,070,519 | 1.80 |
| MP banki hf | 55,417,654 | 1.11 |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 51,054,089 | 1.02 |
| Akkur SI | 50,370,937 | 1.01 |
| Íslandssjóður hf | 42,879,759 | 0.86 |
| GAMMA: EQ1 | 41,296,637 | 0.83 |
| Stefnir - Samval | 37,000,000 | 0.74 |
| Eftirlaunasj. atvinnuflugmanna | 33,175,659 | 0.66 |
| Alnus ehf | 32,992,831 | 0.66 |
| MP Banki - Safnreikningur 4 | 29,653,870 | 0.59 |
| Icelandair Group hf | 25,460,000 | 0.51 |
| Other | 490,277,445 | 9.81 |
| Total | 5,000,000,000 | 100.00 |

Kynningarfundur fimmtudaginn 3. nóvember 2011

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 3. nóvember 2011 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason framkvæmdastjóri fjármála munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 16:30.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjörs þriðja ársfjórðungs og fyrstu níu mánaða 2011 var samþykktur á stjórnarfundum þann 2. nóvember 2011.

Fjárhagsdagatal

Uppgjör fjórða ársfjórðungs - Vika 6, 2012

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455.
Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801.